

Þriðjudaginn 23. september 1980.

Nr. 149/1980. Geir Gunnar Geirsson og
Guðbjörn Guðjónsson

gegn

Einari Matthíasi Einarssyni.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðiljar hafa skotið málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tl. b, laga nr. 75/1973 með kæru 1. júlí 1980, sem barst Hæstarétti 1. september s. á. Krefjast þeir þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Þeir krefjast og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Dómi aukadómpings Kjósarsýslu, sem upp var kveðinn 5. september 1979 í víxilmáli varnaraðilja á hendur sóknaraðiljum, skutu hinir síðarnefndu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu hinn 21. maí 1980. Þar sem víxilmál þetta er enn til meðferðar fyrir dómstólum, er vissa ekki fengin fyrir því, hvort sóknaraðiljar missi færís á því vegna ákvæða XVII. kafla laga nr. 85/1936 að koma að í því máli þeim vörnum, er þeir telja sig eiga gegn kröfum varnaraðilja. Ber þegar af þessum ástæðum og með vísun til 2. mgr. 209. gr. og 1. mgr. 69. gr. áðurgreindra laga að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómpings Kjósarsýslu 20. júní 1980.

Mál þetta var þingfest 18. mars sl. og tekið til dóms eða úrskurðar 4. þ. m. um frávísunarkröfu stefnda.

Stefnendur eru Geir Gunnar Geirsson, Vallá, Kjalarneshreppi, og Guðbjörn Guðjónsson, Síðumúla 22, Reykjavík.

Stefndi er Einar Matthías Einarsson, Teigi, Mosfellshreppi.

Málið er höfðað gegn stefnda til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 2.257.700 með 3% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 2.000.000 frá 31. ágúst 1978 til 18. mars 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í greinargerð stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara sýknu að svo stöddu. Málskostnaðar er krafist að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnenda er málavöxtum lýst þannig, að með leigusamningi, dags. 14. mars 1975, sem síðan hafi verið endurnýjaður með leigusamningi, dags. 5. apríl 1977, hafi stefnendur tekið á leigu alifuglabú stefnda að Teigi í Mosfellssveit. Samkvæmt 4. gr. hins síðara samnings skyldi Geir Gunnar Geirsson samþykkja tryggingarvígil, er Guðbjörn Guðjónsson áriti sem útgefandi, og víxillinn „vera til tryggingar fyrir leigusala og sem ákveðið var í hinum eldri samningi gegn því, að hinu leigða sé skilað í réttu ásigkomulagi að leigutíma loknum.“

Samkvæmt þessu ákvæði hafi stefndi fengið afhentan víxil að fjárhæð kr. 2.000.000, útfylltan á víxileyðublað Iðnaðarbanka Íslands h/f, Reykjavík, útgefinn og ábakinn af Guðbirni Guðjónssyni, en samþykktan til greiðslu af Geir Gunnari Geirssyni, en með óútfylltum útgáfudegi og greiðsludegi. Vixillinn beri með sér, að á hann hafi verið ritað, „Tryggingavíxill“, en síðan hafi verið strikað yfir það orð. Vixillinn sé stimplaður 30. VIII. 77. Að liðnum leigutíma hinn 1. september 1977 hafi stefnendur skilað hinu leigða af sér í samningshæfu standi. Stefndi þá fengið hið leigða afhent og ekki gert neinar athugasemdir um, að eitt-hvað skorti á um skaðlaus og skilvís skil. Ekki hafi stefnendur þó fengið víxillinn afhentan aftur. Með innheimtubréfi, dags. 7. nóvember 1978, hafi Kristján Stefánsson héraðsdómslögmaður krafist um greiðslu víxilsins ásamt dráttarvöxtum, afsagnar- og stimpilkostnaði og innheimtulaunum. Þá hafi verið ljóst, að stefndi hefði fyllt út víxillinn með útgáfudegi 31. ágúst 1977 og greiðsludegi 31. ágúst 1978 og látið síðan afsegja víxillinn 4. september 1977. Stefndi hafi síðan höfðað víxilmál á hendur stefnendum til þingfestingar á aukadómþingi Kjósarsýslu 5. mars 1979. Málið hafi þó ekki verið þingfest þann dag, en stefndi síðan höfðað nýtt víxilmál, sem þingfest hafi verið 9. maí 1979.

Dómur hafi verið kveðinn upp í því máli 5. september 1979, án þess að stefnendur fengju komið að nokkrum vörnum. Stefnendum hafi verið synjað um að hafa uppi varnir, sem byggst hafi á því, að engar fjárkröfur lægju bak við víxilskuldbindinguna, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Með dóminum hafi stefnendur verið dæmdir til að greiða víxilfjárhæðina, kr 2.000.000 með 3% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 31. ágúst 1978 til greiðsludags, kr. 7.700 í banka- og afsagnarkostnað og kr. 250.000 í málskostnað, en samtals nemi þessar fjárhæðir stefnukröfunni.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að stefndi hafi fengið víxildóminn á hendur þeim, án þess að nokkur skuld lægi á bak við víxilinn. Þvert á móti telji stefnendur sig eiga kröfur á hendur stefnda út af fyrrgreindum leigusamningum. Er áskilinn réttur til að krefja stefnendur um frekari skaðabætur annað hvort með framhaldsstefnu eða í sérstöku máli. Þar sem stefnda virðist full alvara að krefja stefnendur um fulla greiðslu skv. ákvæðum víxildómsins, hann hafi þannig gert fjárnám til tryggingar skuldinni, neyðist stefnendur til að höfða mál þetta til skaðabóta skv. heimild í 209. gr., 2. mgr., laga nr. 85/1936.

Í greinargerð stefnda segir, að málavaxtalýsing stefnenda í stefnu sé í verulegum atriðum röng og villandi og þörf á að leiðrétta hana. Stefnda hafi verið afhentur víxill að fjárhæð kr. 2.000.000 til tryggingar efdum af hálfu leigutaka. Leigusamningnum skyldi ljúka 1. september 1977. Fyrir lok hans (í maí/júní 1977) hafi stefnendur gengið frá búinu og viðskilnaður þeirra verið með öllu ófullnægjandi. Stefndi hafi fundið ítrekað að þessu við stefnendur, án þess að úr yrði bætt. Stefndi átt þá inni ógreidda húsaleigu fyrir 3—4 mánuði. Enn fremur hafi vantað verulega á, að bústofn sá, er stefnendur skiluðu, uppfyllti samningsákvæði, bæði hvað varðaði fjölda og gæði. Þá hefðu stefnendur notað verulegt magn af vírneti, sem stefndi átti, án þess að greiðsla kæmi fyrir. Stefndi hafi óskað ítrekað eftir fundi með stefnendum, til þess að hægt yrði að setja niður deilur, og m. a. verið boðað til sáttafundar hjá Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, en hann hefði í upphafi séð um samningsgerð. Borist hafi þá skilaboð frá stefnanda Geir Gunnari þess efnis, að hann vildi enga samninga. Stefndi telji ástæður þess, að stefnendur hættu skyndilega starfsemi að Teigi, að um þetta leyti hafi stefnandi Geir Gunnar verið búinn að byggja upp öflugt fuglabú að Vallá á Kjalarnesi og snúinn að starfsemi þess óskiptur. Þegar

sýnt hafi verið, að stefnendur hafi ekki ætlað að efna leigusamninginn, hafi stefndi falið lögmanni innheimtu víxilsins, sem honum hefði verið afhentur til tryggingar efndabótum. Stefnendur hafi látið halda uppi vörnum í því máli, en hætt síðar að mæta í málinu, þegar það hafi átt að fá málsmeðferð. Hafi því aldrei verið fyrir það girt af hálfu stefnda Matthíasar, að þeir kæmu að efnisvörnum.

Sýknukröfuna byggir stefndi á þeirri málsástæðu, að stefnda hafi verið afhentur víxillinn sem efndabætur, kæmi til vanefnda af hálfu stefnenda sem leigutaka. Stefnendur hafi í svo verulegum atriðum vanefnt samninginn, að stefnda hafi verið nauðugur sá kostur einn að leita efndabóta skv. víxlinum. Þá er því mótmælt, að 2. mgr. 209. gr. laga nr. 85/1936 geti verið grundvöllur þessarar málshöfðunar.

Varakrafa stefnda um sýknu að svo stöddu er á því byggð, að stefnendur hafi ekki orðið fyrir neinu fjártjóni, þar sem þeir hafi enn ekki greitt víxildómsskuldina.

Er mál þetta var tekið fyrir 4. þ. m., var af hálfu stefnda lagt fram ljósrit áfrýjunarstefnu, sem er út gefin 21. maí 1980. Hafa stefnendur þessa máls þar áfrýjað greindum víxildómi til Hæstaréttar og stefnandi Guðbjörn áfrýjað fjárnámsgerð samkvæmt þeim dómi, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 1. nóvember 1979. Kröfur sínar fyrir Hæstarétti kveða áfrýjendur verða, að hinum áfrýjaða dómi verði með eða án heimvísunar og með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur þeirra fyrir héraðsdómi verði teknar til greina og þeim dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. Enn fremur, að hin áfrýjaða aðfarargerð verði úr gildi felld og að Guðbirni verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir Hæstarétti vegna áfrýjunar hennar. Er Einarí Matthíasí Einarssyni stefnt fyrir Hæstarétt miðvikudaginn 1. október nk. til að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, halda uppi vörn og sæta dómi.

Á dómþinginu 4. þ. m. varð sáttatilaun dómara árangurslaus.

Af hálfu stefnda var krafist frávísunar máls þessa svo og málskostnaðar vegna áfrýjunar víxildómsins til Hæstaréttar, þar sem víxildómurinn væri grundvöllur málssóknar stefnenda.

Af hálfu stefnenda var frávísunarkröfu stefnda mótmælt sem tilhæfulausri, en því jafnframt lýst yfir til vara, að áfrýjun til Hæstaréttar yrði felld niður, væri það nauðsynlegt, til þess að mál þetta gæti haldið áfram fyrir aukadómþinginu, og krafist

málskostnaðar vegna frávísunarkröfunnar við endanlegan dóm í máli þessu.

Samkvæmt 2. mgr. 209. gr. laga nr. 85/1936 virðist það réttarfarsskilyrði fyrir málssókn þessari, að stefnendur hafi misst færi á að koma vörnum að í greindu víxilmáli. Niðurstaða héraðsdóms í því máli var, að varnir, sem varði viðskiptin á bak við víxilinn, komist ekki að í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936, og aðrar varnir, sem koma megi að samkvæmt því ákvæði, hafi ekki komið fram í málinu. Í því máli var krafist sýknu og málskostnaðar. Þeim dómi hefur nú verið áfrýjað til Hæstaréttar. Við meðferð víxilmálsins í héraði kveða stefnendur sér hafa verið synjað um að hafa uppi varnir, sem byggðust á því, að engar fjárkröfur lægju bak við víxilskuldbindinguna, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Málssókn þessi er alfarið á því byggð, að stefndi hafi fengið víxildóminn á hendur stefnendum, án þess að nokkur skuld lægi á bak við víxilinn, og stefnda virðist full alvara að krefja stefnendur um greiðslu samkvæmt ákvæðum dómsins. Greinda mótbáru í víxilmálinu, sem eigi er nú til lykta leitt, hefur stefnandi uppi sem málsástæðu fyrir dómkröfum sínum í þessu máli, en stefnufjárhæðin er hin sama og samtals þær fjárhæðir, er í víxildóminum greinir, þar á meðal er stefndi í máli þessu krafinn um greiðslu á dæmdum málskostnaði í víxilmálinu, 250.000 krónum, en samkvæmt málatilbúnaði stefnenda í því máli fyrir Hæstarétti er gerð sú krafa, að þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. Með vísan til framanritaðs og 3. mgr. 104. gr. laga nr. 85/1936 þykir því bera að vísa máli þessu frá dómi.

Málskostnaður ákveðst kr. 120.000.

Hlökkver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur, Geir Gunnar Geirsson og Guðbjörn Guðjónsson, greiði stefnda, Matthíasi Einarssyni, 120.000 krónur í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.